



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Leyfi til daggæslu barna í Reykjavík árið 2020

Með vísan til 2. gr. viðauka 2.5, við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, um embættisafgreiðslur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs er upplýst um veitt leyfi til dagforeldra í Reykjavík.

Skv. framangreindum viðauka er sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs heimilt að veita leyfi til dagforeldra. Skv. samningi menntasviðs og þjónustu- og rekstrarsviðs frá árinu 2006 fjalla þjónustumiðstöðvar um umsóknir um leyfi til daggæslu og leggja til við skóla- og frístundasvið hverjum skuli veitt leyfi til daggæslu barna í heimahúsum.

Hinn 1. desember 2020 voru starfandi dagforeldrar í Reykjavík 112 talsins og greidd var niðurgreiðsla vegna 494 reykvískra barna.

Fjöldi barna með niðurgreiðslur hjá dagforeldrum 2020

Mánuður	Fjöldi barna
Janúar	460
Febrúar	480
Mars	544
Apríl	693
Maí	555
Júní	552
Júlí	0
Ágúst	495
September	481
Október	465
Nóvember	476
Desember	494

Fjöldi barna að meðaltali á mánuði (11 mán.)	518
---	------------

Fjöldi starfandi dagforeldra eftir hverfum Reykjavíkurborgar:

- Árbær og Grafarholt 20
- Breiðholt 20
- Grafarvogur (Miðgarður) 23
- Laugardalur /Háaleiti 30
- Vesturbær/Miðborg /Hlíðar 19

Þann 1. desember 2020 var lítið um laus pláss hjá dagforeldrum. Árvisst er að eftirspurn eftir dagforeldrum eykst þegar nálgast áramót. Þess má geta að dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi og vista einnig börn frá öðrum sveitafélögum.

Frá 1. janúar til 1. desember 2020 fékk 1 dagforeldi nýtt leyfi til daggæslu frá skóla- og frístundasviði og 6 bráðabirgðaleyfi voru gefin út þar af eitt yfir sumarið. Þann 1. desember 2020 voru 2 dagforeldrar starfandi á bráðabirgðaleyfi.

Ár	Dagforeldrar	Fjöldi barna	Fædd börn í Rvk.
2013	212	706	1726
2014	198	706	1560
2015	188	723	1499
2016	145	618	1427
2017	135	551	1528
2018	124	497	1558
2019	125	489	1661
2020	112	494	1640

Réttindanámskeið, 70 stunda, fyrir dagforeldra hafa verið haldin á vegum Námsflokka Hafnarfjarðar undanfarin ár. Velferðaráðuneytið gerði samning við Námsflokka Hafnarfjarðar í kjölfar endurskoðunar á reglugerð árið 2005. Vegna kostnaðar eru námskeiðin eingöngu haldin ef næg þátttaka fæst. Samkvæmt reglugerð geta sveitarfélög haldið námskeið á eigin vegum að uppfylltum kröfum reglugerðar. Réttindanámskeið var ekki haldið árið 2020.

Stofnstyrk var úthlutað til 10 dagforeldra árið 2020 að upphæð kr. 300.000 hver. Í tillögum starfshóps um, *Endurskoðun, þróun og breytingar á dagforeldraþjónustu Reykjavíkurborgar* (útg. 2018) var lagt til að mæta kostnaði vegna aðlögunar á húsnæði og kaupa á nauðsynlegum aðbúnaði að greiða stofnstyrk til nýrra dagforeldra að upphæð kr. 300.000 hver. Úthlutun hófst í byrjun árs 2020 þegar reglur og verklag vegna stofnstyrkja lágu fyrir. Greiðslur voru þá afturvirkar til þess tíma er tillagan um stofnstyrk tók gildi eða til 1. janúar 2019. Sjá reglur um stofnstyrk.

https://reykjavik.is/sites/default/files/skjol_thjonustulysingar/reglur_um_stofnstyrk_til_dagforeldra_utgefid_sett_a_vef.pdf

Öryggishnappar. Í desember 2020 voru 42 dagforeldrar, sem starfa einir, með öryggishnapp frá Securitas. Skóla- og frístundasvið greiðir fyrir öryggishnappana.